

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórs-hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

30. ágúst 1978.

Nr. 349.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.**

### 1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum, sbr. reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

### 2. gr.

2. málsg. 5. gr. orðist svo:

Heilbrigðiseftirlitið skal þannig hafa eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

15. september 1978.

Nr. 350.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 9 frá 19. janúar 1967 um holræsi á Þórshöfn.**

5. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða hluta húss, sem talin er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórs-hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 351.

30. ágúst 1978.

## REGLUR

### um íþróttarými o. fl. í grunnskóla.

Samkvæmt reglugerð frá 30. ágúst 1978, um stofnkostnað skólamannvirkja, skal framlag ríkissjóðs miðast við stærð byggingar.

Um hámarksstærð þess skólahúsnæðis, sem ríkissjóður tekur þátt í að byggja samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, gilda reglur þær sem birtar voru sem fylgiskjöl með reglugerð nr. 159/1969 með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

#### Leikfimirými.

Leikfimisalir 202½ m<sup>2</sup> í skólum með a. m. k. eina bekkjardeild í hverjum árgangi og allt að 50 kennslustundir á viku í leikfimi samkvæmt námsskrá.

Leikfimisalir 405 m<sup>2</sup> í skólum með 51—80 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 607½ m<sup>2</sup> í skólum með 81—120 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 810 m<sup>2</sup> í skólum með yfir 120 kennslustundir á viku.

Öryggissvæði leikvallar er innfalið í framangreindum tölum, þ. e. bil frá leikfleti að vegg.

Leikfimisalir 135 m<sup>2</sup> í skólum þar sem tveimur eða þremur aldursárgöngum er kennt saman og bekkir eru minnst tveir.

Áhaldageymsla 20 m<sup>2</sup> við hverja salareiningu.

Útiáhaldageymsla 15 m<sup>2</sup> við hverja salareiningu.

Varðarherbergi 8 m<sup>2</sup> við 202½ m<sup>2</sup> sal eða stærri.

Búningsherbergi:

2 á 20 m<sup>2</sup> 40 m<sup>2</sup> við 135 m<sup>2</sup> sal.

2 á 25 m<sup>2</sup> 50 m<sup>2</sup> við hverja 202½ m<sup>2</sup> salareiningu.

Bað og þurrkherb. 20 m<sup>2</sup> við 135 m<sup>2</sup> sal.

Bað og þurrkherb. 25 m<sup>2</sup> við hverja 202½ m<sup>2</sup> salareiningu.

Skó- og útifatageymsla 12 m<sup>2</sup> við eina salareiningu og 10 m<sup>2</sup> á hverja salareiningu til viðbótar.

Kennaraherbergi 8 m<sup>2</sup> fyrir fyrstu 30 kennslustundir í leikfimi á viku og 5 m<sup>2</sup> fyrir hverjar byrjaðar 30 kennslustundir umfram það.

Áhorfendasvæði 30 m<sup>2</sup> auk tilskilins fylgirýmis á hverja salareiningu.

Annað rými íþróttasalar 13% af sal og fylgirými, sbr. framangreint.

Veggir íþróttarýmis 11% af sal, fylgirými og öðru rými.